

Ágæti forsætisráðherra.
Meðlimir Viðskiptaráðs og aðrir góðir gestir.

1. Erfitt vor

Undanfarin ár hafa verið umhleyppingasöm og skemmtileg í íslensku viðskiptalífi. Einkavæðing bankanna árið 2002 hleypti nýju blóði í viðskiptalífið og kom á réttum tíma í kjölfar aukins frelsis í viðskiptum. Þessar breytingar losuðu um mikið fé sem lagði grunninn að þeirri gífurlegu útrás, eða þróun, sem við höfum séð að undanfögnu. Þetta mun tryggja okkur miklar tekjur um ókomna tíð. Sá mikli vöxtur sem við höfum upplifað hefur kannski gert það að verkum að við erum orðin of góðu vön.

Við höfum því síðastliðið ár full bjartsýni og trú á að vöxturinn héldi áfram. Á fyrsta eina og hálfra mánuði ársins hækkaði úrvalsvisitalan um 22% og fátt benti til annars en að við gætum séð fram á gjöfult ár. Um miðjan febrúar fór hinsvegar að síga á ógæfuhliðina. Fregnir fóru að berast frá matsfyrirtækjum og greiningaraðilum utan úr heimi um að ekki væri mikil trú á að íslenska efnahagsundrið myndi endast mikið lengur. Fitch Ratings sagði í febrúar að mikill óstöðugleiki hér væri fyrirboði um neikvæðar horfur.

Í mars héldu slíkar fregnir áfram að berast okkur til eyrna og náði orrahríðin þá hámarki. Danske Bank kallaði það „Geysis hörmungar“ og Merrill Lynch sagði að íslenskir bankar væru ekki allir þar sem þeir væru séðir. Sunday Telegraph spurði hvort Ísland væri að bráðna, Evening Standard sagði að áhyggjur af hruni ógnuðu útrásinni til Englands og Daily Mail sagði okkur vera að missa niður taktinn.

Apríl var engu skárri og The Sunday Times sagði að Ísland missti sjarmann nú þegar skuldavandinn kæmi í ljós en The New York Times sagði að hinn kraumandi efnahagur Íslands stæði frammi fyrir prófraun.

Þessar fregnir ollu gífurlegum óróa sem hríslaðist um allt efnahagslífið. Okkur virtist sem við sætum undir stöðugum og ómaklegum árásum utan úr heimi og gætum ekkert að gert. Eitthvað var til í þeirri gagnrýni sem var sett fram en margar rangar ályktanir voru dregnar af röngum eða ónógum staðreyndum. Fyrirtækin reyndu að vinna í sínum ímyndarmálum, hvert í sínu horni, en staðreyndin er sú að Ísland er komið á kortið hvað varðar fjármálaþjónustu.

2. Mishkin og Tryggvi Þór

Okkur hjá Viðskiptaráði fannst blasa við að ekkert fengi bitið á þessum árásum nema samstillt átak viðskiptalífs og stjórnvalda. Í því augnarmiði fengum við einn virtasta hagfræðing heims, doktor Frederic Mishkin sem stuttu síðar varð einn af seðlabankastjórum Bandaríkjanna, til að kanna undirstöður íslensks efnahagslífs. Með honum í liði var einn virtasti hagfræðingur landsins, doktor Tryggvi Þór Herbertsson.

Afrakstur vinnu þeirra var skýrslan „Financial stability in Iceland“ sem Viðskiptaráð kynnti á fundi í New York 3. maí, í Lundúnum 15. maí og í Kaupmannahöfn 21. júní. Megin niðurstaða höfunda var sú að hverfandi hættu væri á fjármálakreppu á Íslandi. Fram kom að allur samanburður á Íslandi og nýmarkaðsríkjum væri afar misráðinn. Áréttað var mikilvægi þess að koma til greiningaraðila upplýsingum um íslenskt hagkerfi og skýrsluhöfundar voru þeirrar skoðunar að mikið af þeirri gagnrýni sem fram hefði komið á mánuðunum á undan hefði að mörgu leiti verið óréttmæt.

Útkoma skýrslunnar gjörbreytti allri umræðu um íslenskt viðskiptalíf í erlendum fjölmiðlum. Þegar skýrslan kom út 3. maí hafði úrvalsvísitalan lækkað um 23% frá miðjum febrúar og krónan veikst um 22% á sama tímabili. Eftir útkomu skýrslunnar hækkaði úrvalsvísitalan um 9% á einum mánuði og hafði hækkað um 20% í árslok.

Stríðsfyrirsagnir blaðanna voru líka allt aðrar. Dow Jones sagði að Ísland myndi ekki bráðna og Reuters og Bloomberg sögðu jákvæða skýrslu um Ísland hafa valdið hækkun á markaði og styrkingu krónu. Global Insight Daily Analysis sögðu að faglega unnin skýrsla hefði vísað á bug áhyggjum af óstöðugleika og Morgan Stanley sagðist nú geta séð staðreyndirnar um íslenska banka í gegnum allt fárið.

Mjög góð uppgjör bankanna sem hafa verið kynnt undanfarið staðfesta að undirliggjandi staða hér er sterk. Þetta er mjög mikilvægt og má alls ekki gleymast.

3. Hvað næst?

En hvaða lærdóm getum við dregið af þessum upþákomum? Fyrst og fremst að ímynd íslensks viðskiptalífs er svo lítil og brothætt að aðeins einn atburður, eða röð atburða, þótt að stórum hluta sé byggður á misskilningi, getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Skýrsla Mishkins og Tryggva Þórs slökkti bálið sem hér geysaði í vor en reynslan ætti að kenna okkur að nú sé tímabært að huga að forvörnum. Atvinnulífið og stjórnvöld þurfa að koma á samstilltu átaki til að bæta ímynd Íslands og koma á varanlegu fyrirkomulagi til að taka á vandamálum sem þessum.

Við fengum til liðs við okkur einn færasta sérfræðing heims á sviði ímynda þjóða, Simon Anholt. Hans hlutverk var að meta hvar við stöndum og hvernig vinnu við eigum að fara í til að bregðast rétt við. Leitað var til stjórnvalda og stærstu fyrirtækja landsins og var okkur vel tekið alls staðar með þessar hugmyndir. Úr varð að myndaður var stýrihópur skipaður fjórum ráðherrum og fulltrúum Viðskiptaráðs sem starfaði undir handleiðslu Simon Anholt frá því í haust og allt fram í lok janúar.

Okkur sem störfuðu í þessum hópi er það ljóst að handahófskennd viðbrögð við gagnrýni reynast illa. Því þarf að koma upp aðgerðaáætlun og skipulagi sem bregst við og hjálpar enn frekar til við þann vöxt sem við viljum sjá í framtíðinni.

Hér má minna á kínveskt máltæki sem segir að hæfni sem ekki er bætt við daglega fer dálítið aftur á hverjum degi. Ímyndarmálin eru ekki afgreidd á einum degi heldur eru verkefni sem aldrei líkur. Við lítum björtum augum til framtíðarinnar en skiljum að það þarf sameiginlegt átak svo að þetta gerist ekki aftur.

4. Fækkun ráðuneyta

Viðskiptaráð hefur reynt að leiða umræðu um ráðdeild í ríkisrekstri og það hefur verið skoðun ráðsins að verulega megi einfalda stjórnslu á Íslandi. Þeirri skoðun hefur oft verið lýst, meðal annars í skýrslunni „Ísland 2015“ sem gefin var út á síðasta Viðskiptaþingi. Því setjum við fram þá spurningu enn og aftur af hverju verkaskipting ráðuneytanna er ekki einfölduð með það að markmiði að auka slagkraft þeirra og tryggja að heildarhagsmunir séu hafðir að leiðarljósi.

Það er til dæmis mun eðlilegra að öll ráðuneyti sem vinna að málefnum atvinnulífs séu sameinuð í einu atvinnuvegaráðuneyti. Með því yrði tryggt að heildarhagsmunir séu hafðir að leiðarljósi. Eins og ég hef vikið að hér að framan er ljóst að staða atvinnugreina á Íslandi er allt önnur en þegar núverandi kerfi var sett á. Því er nauðsynlegt að bregðast við og tryggja að sú stjórnskipan sem við búum við endurspegli núverandi stöðu mála.

Það sama má segja um velferðarmál. Eiga þau ekki öll heima í sama ráðuneyti? Það er ótrúlegt að Ísland þarf að halda úti 14 ráðuneytum á meðan valdamesta ríki heims, Bandaríkin, er aðeins með 12 borgaraleg ráðuneyti. Ríkið á að fara fram með góðu fordæmi í stórnáslunni og sýna ráðdeild og skilvirkni í rekstri sínum.

5. Krónan

Árið var ekki aðeins sveiflukennt fyrir atvinnulífið heldur hefur krónan átt erfitt ár. Krónan var sterkust í upphafi árs en hafði lækkað um 30% í lok júní þegar hún var hvað veikust. Áður en árið var liðið hafði hún styrkst töluvert og svo veikst aftur á nýjan leik. Þannig hefur raunveruleikinn verið frá því að verðbólgaþéttun Seðlabankans var tekið upp árið 2001. Þegar stöðugt verðlag er eina markmið hagstjórnarinnar er óhjákvæmilegt að aðrir þættir hagkerfisins verði ekki jafn stöðugir.

Það væri of mikið að segja að krónan sé örgjaldmiðill og er hún raunar minnsta mynt í heimi sem hefur fljótandi gengi. Tíðar og miklar sveiflur hafa mjög slæm áhrif á rekstur inn- og útflutningsfyrirtækja. Þá eykur þetta áhættuálag á lán íslenskra fyrirtækja í erlendri mynt. Aukin kostnaður íslenskra fyrirtækja vegna hvíkyndis krónunnar minnkar samkeppnishæfni þeirra á leikvelli alþjóðaviðskipta.

Þetta leiðir til hærri kostnaðar fyrir íslensk fyrirtæki og er þar með ein af ástæðum þess að verðlag hér er herra en þyrfti að vera.

Vorið 2005 skipaði Viðskiptaráð sérfræðinganefnd um íslensku krónuna og var nefndinni ætlað að draga fram helstu kosti landsmanna í gengismálum og ræða þá á breiðum grundvelli út frá hagsmunum íslensks atvinnulífs. Niðurstaða krónunefndarinnar var kynnt í skýrslu 26. júlí á síðasta ári, en aðalhöfundar hennar voru hagfræðingarnir Halldór Benjamín Þorbergsson og Ólafur Ísleifsson.

Niðurstaðan var að evran kæmi ekki til álita sem lausn á þeim vanda sem steðjar að íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Til þess að Íslendingar gætu átt raunhæft val á milli evru og íslensku krónunnar, á grundvelli efnahagslegra og stjórnmálalegra forsendna, þyrfti að beita samræmdum aðgerðum á sviði hagstjórnar til þess að mynda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þá var það niðurstaðan að meginverkefni hagstjórnar á næstunni væri að beita samhæfðari stefnu til að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki náist í efnahagslífinu.

Það er staðreynd, sem kannski hefur gleymst í umræðunni um krónuna að undanförunu, að það er ekki auðveldara að búa við evru og slæma hagstjórn heldur en krónu og slæma hagstjórn. Það er ekki hægt að kenna krónunni um ástandið nú, hún er miklu frekar birtingarmynd þess.

Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að við núverandi ástand verður ekki unað mikið lengur. Það virðist sem sum fyrirtæki hafi gefist upp á krónunni og vilji heldur gera upp og skrá sig í evrum eða annarri mynt. Að sjálfsögðu er farsælast í þessu, eins og öðru, að athafnafrelsi fyrirtækjanna sé sem mest þannig að þau geti valið þann gjaldmiðil sem þeim hentar best.

Ef ætlunin er að taka upp evru er líklega heppilegast að það gerist samfara inngöngu í Evrópusambandið. Að minnsta kosti hefur einhliða upptaka erlends gjaldmiðils ekki gefist vel þar sem það hefur verið reynt. Þótt stöðugleiki í gengismálum yrði íslenskum fyrirtækjum kærkominn er alls óvíst að innganga í Evrópusambandið yrði það. Aukið frelsi í viðskiptalífinu hefur skapað svigrúm fyrir þann mikla vöxt sem við höfum séð að undanförunu.

Innganga í Evrópusambandið yrði að því leiti afturför fyrir íslenskt atvinnulíf. Við búum við miklu meira frelsi í viðskiptum hér heldur en víðast hvar annars staðar í Evrópu. Sem dæmi um forsjárhyggju sem viðgengst í Evrópusambandinu má nefna að það hefur nú bannað notkun stiga í fyrirtækjum. Húsverðir þurfa því t.d. að reisa vinnupalla þegar þeir skipta um ljósaperur, en mega ekki nota stiga.

Við verðum að standa fyrir opinni og upplýstri umræðu um þessi mál á næstunni. Núverandi ástand er ótækt en lausnirnar eru ekki augljósar. Með gerð krónuskýrslu Viðskiptaráðs er ráðið að stuðla að vandaðri umræðu um eina stærstu ákvörðun sem við stöndum frammi fyrir á komandi misserum.

6. Hvalveiðar

Við Íslendingar eru sammála um að með réttri fiskveiðistjórnun eigi þjóðin að geta ákveðið eigin veiðar. Þetta er vitaskuld í samstarfi við nágrannaþjóðir sem nýta sömu stofna og við. Það er líka ljóst að komið hafa tímabil þar sem nýting eigin stofna hefur verið of mikil, en með langtímasjónarmiðum og framseljanlegum aflaheimildum var búinn til sameiginlegur skilningur á því hvernig þessum málum er best fyrir komið.

Nú hefur verið ákveðið að hefja aftur hvalveiðar í atvinnuskyni. Það er að mínu mati misráðin ákvörðun, þó hún sé í fullum rétti tekin. Ástæður þessa eru þær helstar að það er alls ekki samstaða um það í heiminum að hvalveiðar séu réttlætanagerar. Með því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni erum við að storka umhverfinu með þeim hætti að það getur skaðað íslenska hagsmuni mun meira en sem nemur þeim ávinningi sem af hvalveiðum hlýst.

Ef hefja á hvalveiðar að nýju, þarf undirbúningur að vera miklu meiri og þarf að setja mikla vinnu og fjármuni að skapa þannig umhverfi að veiðar verði ásættanagerar.

Við skulum aðeins skoða þessi mál í stærra samhengi. Fyrir 10 til 15 árum var allt að 70% af útfluningsverðmæti þjóðarinnar fiskur og fiskafurðir. Fiskveiðar og vinnsla var grunnur að verðmætasköpun í þjóðfélaginu og grunnur að því þjóðfélagi sem hér var byggt upp. Á síðustu 5 – 10 árum hafa verið byggðar upp nýjar atvinnugreinar sem eru farnar að skila verulegum ávinningi til samfélagsins.

Fjármálaþjónusta er atvinnugrein sem á síðustu árum hefur skilað jafn miklum ef ekki meiri verðmætum til þjóðarframleiðslu en sjávarútvegur, án þess að sjávarútvegur skili minni ávinningi en hann hefur gert. Reyndar er það afskaplega ánægjulegt að sjá að sjávarútvegur hefur gengið í gegnum hagsveifluna án áfalla og ríkisaðkomu.

Tekist hefur að búa til nýjar stoðir undir þjóðfélagið, stoðir sem hafa þýtt hærri laun í landinu, meiri skatttekjur hins opinbera og því stuðlað að aukinni verðmætasköpun á Íslandi.

Þess má geta í þessu samhengi að Kaupþing greiddi á árinu 2006 meiri skatta en allur sjávarútvegurinn samanlagt. Það er þessi breyting sem hefur fengið nágranna okkar til að spyrja spurninga um það hvernig þetta sé hægt. Þegar hvalveiðar voru hvað mestar á Íslandi skiluðu þær 1% af þjóðarframleiðslu. Ljóst er að þær hvalveiðar sem nú eru stundaðar mælast vart í því samhengi, bæði eru veiðar mun minni, veruleg óvissa með markaði og sjálf kakan hefur stækkað mikið.

Sú neikvæða ímynd sem Ísland fær af hvalveiðum getur sett sumt af því sem gert hefur verið í uppnám. Skemmt fyrir því sem unnið hefur verið á síðastliðnum árum eða þrýst íslenskum útrásarfyrirtækjum til að hætta að tengja fyrirtækin við

Ísland og þar með afneita eigin uppruna. Það er ekki sú leið sem við eigum að fara. Við eigum að vera stolt af uppruna okkar og nýta það sem hér er sérstakt.

7. Menntun undirstaða aukinna framfara

Viðskiptaráð á 90 ára afmæli þann 17. september næstkomandi. Ráðið hefur frá upphafi áttað sig á mikilvægi menntunar til vaxtar og viðgagns viðskiptalífsins. Frá því að ráðið var stofnað hefur það staðið að rekstri Verzlunarskóla Íslands sem hefur sannanlega vaxið og dafnað og hefur um áratuga skeið verið í hópi bestu framhaldsskóla landsins. Það var ekki fyrr en nýlega, eftir að skólinn hafði starfað í tæplega 90 ár, sem fleiri einkareknir framhaldsskólar komu fram á sjónarsviðið.

Verzló er flaggskip einkarekstrarins og besta dæmið um að einkarekstur reynist vel í menntamálum. Frá og með næsta skólaári verður Verzló fjölmennasti framhaldsskóli landsins og nú styttest í að hugmyndir, sem kviknuðu í skólanum, um stofnun Listmenntaskóla Íslands, komist á koppinn. Ef allt gengur eftir verður Listmenntaskólinn rekinn sem sjálfstæður skóli, en þó í nánu samstarfi við Verzló. Það verður spennandi og göfgandi fyrir nemendur beggja skóla að fá innsýn inn í heim hins.

Það er mér sérstök ánægja að geta greint frá því hér, að næsta vetur mun Verslunarskólinn einnig hefja kennslu á ensku. Með því er verið að koma til móts við hóp sem hefur búið erlendis með börn sín og unglinga og einnig erlenda sérfræðinga sem munu koma til starfa hér á komandi árum og vilja taka fjölskyldur sínar með sér.

Viðskiptaráð hefur staðið að rekstri Háskólans í Reykjavík frá upphafi. Nemendafjöldinn þar hefur vaxið ár frá ári og æ fleiri fræðimenn í fremstu röð ganga til liðs við skólann. Undirbúningur að byggingu mannvirkja undir skólann í Vatnsmýrinni stendur nú sem hæst. Fyrirliggjandi teikningar eru svo frjóar og athyglisverðar að það er fullvíst að HR verður í framtíðinni eitt af kennileitum Reykjavíkur. Ég vil nota tækifærið og bjóða nýjan rektor skólans, dr. Svöfu Grönfeldt, velkomna til starfa.

8. Mikilvægt fyrir stjórnvöld að velja rétt verkefni

Í gegnum tíðina hefur Viðskiptaráð litið á sig sem mikilvægt aðhald fyrir stórnvöld og við höfum verið gagnrýnin á það sem betur mætti fara hvað varðar rekstrarumhverfi fyrirtækja og ríkisreksturinn. Það má samt ekki gleyma því sem vel er gert og við megum ekki líta fram hjá því að aldrei í sögunni hefur rekstrarumhverfi fyrirtækja batnað jafn mikið á jafn skömmum tíma.

Ég vil leggja áherslu á að skýrsla sem forsætisráðuneytið lét vinna um Ísland sem miðstöð fjármálaþjónustu verði nýtt. Það framtak var til fyrirmyndar og niðurstöður áhugaverðar. Nú er það verkefni hjá stjórnvöldum að vinna úr þeim hugmyndum sem þar koma fram og bæta enn frekar þá aðstöðu sem íslenskt viðskiptalíf býr við.

Viðskiptaráð setti fram þá hugmynd á Viðskiptaþingi fyrir tveimur árum að gera Ísland að flatskattalandi. Við höfum styrkst í þeirri trú að það sé rökrétt framhald til að gera Ísland að miðstöð viðskipta og halda rekstri íslenskra fyrirtækja sem lengst hér á landi.

9. Lokaorð

Góðir gestir.

Ég vil að lokum þakka sérstaklega þeim ráðherrum sem störfuðu með okkur í vinnuhópnum um ímynd Íslands, undir leiðsögn Simon Anholt, þeim Geir H. Haarde forsætisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra, Jóni Sigurðssyni viðskiptaráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Án þeirra þátttöku hefðum við ekki komist þetta langt áleiðis og bindum við miklar vonir við að geta átt gott samstarf við stjórnvöld á komandi misserum til að tryggja árangur þessarar vinnu og auka styrk íslensks atvinnulífs. Þetta er verkefni sem nauðsynlegt er að vinna og mun Viðskiptaráð ekki skorast undan þeirri ábyrgð sem því fylgir.

Um leið og ég segi Viðskiptaþing 2007 sett fel ég forvera mínum sem formanns Viðskiptaráðs, Jóni Karli Ólafssyni forstjóra Icelandair stjórn fundarins.